**Nd. 632. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir »yfirstjórn« í fyrsta málslið kemur: stjórn.
2. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 5. gr. Greinin orðast svo:

Mentamálaráð getur kvatt sjer til ráðuneytis sjerfróða menn um einstakar starfsgreinir sjóðsins. Það getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálft ræður það og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra. Þegar mentamálaráð verður að dæma um efni, er snertir persónulega einhvern eða einhverja meðlimi ráðsins, skulu þeir víkja sæti, en mentamálaráð getur kvatt annan eða aðra til aðstoðar, meðan úr þeim málum er skorið.

4. Við 6. gr. Í stað »öll sjóðstjórnin« í síðasta málslið kemur: alt mentamálaráð.